

FYLGISKJAL NR. 1003

DAGS 21.09.1990

**SAMANTEKT:**

Hér er um að ræða lóðaleigusamning á milli Steinunnar Marteinsdóttur annars vegar og Mosfellsbæjar hins vegar. Vottar að samningi þessum er m.a. Haraldur Sverrisson sonur Steinunnar Marteinsdóttur og núverandi bæjarstjóri í Mosfellsbæ.

Um er að ræða leigu til 75 ára á 34.304 fermetrum lands (3,43 hekturum lands) að Hulduhólum í Mosfellsbæ.

Á þessum samningi eru aðrir og síðari lóðaleigusamningar byggðir varðandi lóðir að Hulduhólum í Mosfellsbæ.

Við þetta hangir sérstök yfirlýsing dagsett sama dag varðandi samkomulag milli Steinunnar Marteinsdóttur og Mosfellsbæjar um endurgjald fyrir land í eigu Mosfellsbæjar og var áður bundinn erfðafestu sbr. eldri skjöl og þinglýst gögn varðandi Hulduhóla.

## **LEIGUSAMNINGUR**

---

Undirritaðir aðilar, Mosfellsbær, kt. 470269-5969, í samningi þessum nefndur leigusali, annarsvegar og hinsvegar Steinunn Marteinsdóttir, kt. 180236-2609, Hulduhólum, Mosfellsbæ í samningi þessum nefnd leigutaki, gera með sér svohljóðandi

Leigusamning:

### **1. gr.**

Leigusali leigir hér með leigutaka landspildu sem talin er 34.304 m<sup>2</sup> að stærð, og takmarkast að sunnan af hitaveitustokki (hlið 122 m + 74 m), að vestan af landi Hamrafells (156 m), að austan af landi Lágu-Hlíðar (195,7 m) og að norðan af línu sem er að lengd 236 m, eins og meðfylgjandi kort sýnir.

### **2. gr.**

Landið er leigt til 75 ára frá undirskriftardegi þessa samnings.

### **3. gr.**

Ársleiga skal vera 0,06 kr. af hverjum m<sup>2</sup> eða kr. 2.058,- af allri landspildunni. Leiguna skal greiða á skrifstofu leigusala og er gjalddagi 15. janúar ár hvert fyrir árið sem fer í hönd, í fyrsta sinn 15. janúar 1991. Fyrir lóðarleigunni og dráttarvöxtum er lögtaksréttur í húsum og mannvirkjum á lóðinni skv. lögum nr. 29/1885 um lögtak og fjárnám án undangengis dóms eða sáttar. Endurmetsa má upphæð lóðarleigu. Matið skal framkvæmt af óvilhöllum dómkvöddum mönnum.

#### **4. gr.**

Vilji bæjarstjórn ekki að loknum leigutímanum, leyfa leigutaka með nýjum leigusamningi að láta hús, sem þá er á lóðinni, standa þar áfram, skal bæjarstjórnin fyrir hönd bæjarsjóðs, greiða leigutaka sannvirði hússins eða húsanna skv. samkomulagi að mati dómkvaddra manna.

#### **5. gr.**

Leigutaka er heimilt að selja eða veðsetja leigurétt sinn á lóðinni í heild ásamt húsum þeim og mannvirkjum sem á henni verða gerð. Sala skal tilkynnt á skrifstofu Mosfellsbæjar um leið og hún fer fram. Réttur veðhafa til veðsins skal haldast að öllu leyti óskertur þótt leigutaki hafi ekki fullnægt skuldbindingum þeim, sem hann hefur undirgengist gangvart leigusala með þessum leigusamningi, enda hvílî skuldbindingar á lóðinni og færist yfir á veðhafa eða aðra, sem öðlast leiguréttinn úr höndum hins upphaflega leigutaka. Brot á leigusamningnum varða því þá, sem síðar fá lóðina til afnota, hinum sömu viðurlögum og hinum upphaflega leigutaka.

#### **6. gr.**

Nú telur bæjarstjórnin að nauðsynlegt sé að leggja vatns- og/eða frárennslislagnir um lóðina að er henni það þá heimilt án þess að greiða bætur fyrir jarðrask eða annað tengt þeim framkvæmdum, enda sjái bæjarstjórn um að koma lóðinni í samt lag aftur.

#### **7. gr.**

Núverandi veðbönd, sem eru á lóðinni eða fasteignum, eru leigusala óviðkomandi.

#### **8. gr.**

Jarðhiti og námuréttur fylgir ekki með leigusamningi þessum.

#### **9. gr.**

Samningur þessi kemur í stað byggingarbréfs/leigusamnings dagsettu 15. desember 1947 og er það hér með staðfest að engin breyting á eignaraðild húseigna verður við gerð samnings þessa.

Leiguland það sem nú fellur úr leigu og til Mosfellsbæjar aftur er kvaða og veðbandslaust af hálfu leigutaka.

10. gr.

Rísi mál út af samningi þessum má reka það fyrir aukadómpingi Kjósarsýslu.

Af leigusamningi þessum eru gerð þrjú samrit, eitt handa hvorum aðila og eitt til þinglesturs.

Mosfellsbær, 21. september 1990

F.h. Mosfellsbæjar

Hans Þorðarínsson

Samþykk framangreindum  
skilmálum sem leigtaki,  
d.u.s.

(Hannum Márleifsdóttir)

Vottar að réttri dagsetningu,  
og fjárræði:

Haukur Þorvarðsson. 1412617119

Jóni S. Þorláksson. 2505340239